

# Reglur Ísafjarðarbæjar varðandi nemendur sem óska eftir að stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar geta framhaldsskólanemendur sem stunda nám utan sveitarfélags sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar vegna tónlistarnáms. Ísafjarðarbæ ber ekki lagaleg skylda til að greiða þennan kostnað.

Um niðurgreiðslu námskostnaðar gilda eftirfarandi reglur:

1. Framhaldsskólanemendur með lögheimili í Ísafjarðarbæ sem leggja stund á tónlistarnám í öðru sveitarfélagi geta sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar. Skilyrði er að viðkomandi sé í fullu námi í tónlistarskóla sem sveitarfélagið viðurkennir, hafi áður stundað nám við tónlistarskóla í Ísafjarðarbæ og að viðkomandi standi ekki til boða lengur nám við hæfi í heimabyggð.
2. Sækja þarf um niðurgreiðslu skriflega til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar fyrir 1. ágúst ár hvert vegna náms á hausönn og 1. desember fyrir nám á vorönn.
3. Áður en umsókn er afgreidd þarf að skila inn námsvottorði annarinnar þar sem fram koma upplýsingar um ástundun og námsárangur ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Þessar upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknar.
4. Bæjarstjórн tekur ákvörðun um heildarupphæð niðurgreiðslna við gerð fjárhagsáætlunar. Hámarks niðurgreiðsla fyrir hvern nemanda skal ákvarðast í bæjarráði fyrir hvert skólaár. Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að meta umsókn með hliðsjón af því hvort að sambærilegt nám er í boði í Ísafjarðarbæ.
5. Ísafjarðarbær niðurgreiðir ekki tónlistarnám á háskólastigi.

Samþykkt í bæjarstjórн 18.6.2009